

Kæri skáti!

Dagskrárteymi Landsmóts skáta 2020 og heimsmarkmiðastýrihópur BÍS hafa búið til þennan vetrarverkefnispakka til að kynna heimsmarkmiðin betur fyrir skátum en Landsmót 2020 er einmitt með heimsmarkmiðapema! Vetrarverkefnið er hægt að vinna á marga mismunandi vegu og við hvetjum ykkur til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn! Hver flokkur hefur formlega verkefnavinnuna með því að senda inn sína hugmynd að verkefni til BÍS.



Tilgangur verkefnisins er að skátarnir kynni sér heimsmarkmiðin, velji sér nokkur sem að þau hafa sérstakana áhuga á og búa svo til verkefni í kringum þau sem að hefur áhrif á nærumhverfi skátans; hvort sem það er bæjarfélag skátanna, hverfið þeirra, fjölskyldan eða umhverfið í kringum skátaheimilið. Verkefnið teygir þannig anga sína út fyrir skátahreyfinguna og skátarnir hafa áhrif til góðs í samfélaginu um land allt. Það sem að við viljum sjá í verkefninu er skýr tenging við a.m.k. eitt af heimsmarkmiðunum eða undirmarkmiðum þeirra og að verkefnið hafi raunverulega haft áhrif út fyrir skátaflokkinn í nærumhverfi skátanna.

Í heildina er miðað við að verkefnið taki ekki lengri tíma en 3-4 fundi en það getur verið breytilegt milli flokka með tilliti til hversu oft er fundað, í hversu langan tíma er fundað o.s.fr. Hér er tillaga að því hvernig verkefnisskipulagið gæti litið út:

- Einn fundur í að kynna sér heimsmarkmiðin og koma með hugmynd að verkefni (hugmyndin er svo send til BÍS fyrir 15. febrúar 2020!)
- P.S. Hérna er tilvalið að skoða Byggjum betri heim! verkefnapakkan sem er aðgengilegur hjá BÍS og nota hann til að kynna sér heimsmarkmiðin.
- Einn fundur í að skipuleggja verkefni
- Einn fundur í að framkvæma verkefni
- Verkefnið má vera lengra en einn fundur, það má vera eins margir fundir í framkvæmd og þið viljið!
- Einn fundur í að skrifa frásögn (frásögnin er svo send til BÍS fyrir 1. maí 2020!)

Þetta skipulag er ekki heilagt og getur tekið breytingum miðað við hversu vel skátaflokkurinn þekkir heimsmarkmiðin nú þegar, hversu umfangsmikið verkefnið er, o.fl.

Þetta er bara örstutt lýsing á vetrarverkefninu og hvað það gengur út á: restin er í höndum skátaflokksins sem að vinnur verkefnið sem og skátaforingjans sem að er þeim innan handar á meðan á því stendur. Endilega takið nóg af myndum á meðan verkefninu stendur og deilið þeim með okkur! Við hlökkum svo til að lesa allar frásagnirnar ykkar og sjá hvað skátar allsstaðar á Íslandi hafa gert samfélaginu sínu til góðs.

Gangi ykkur vel!

